

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag Gráhellu.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 12. október 2006 tillögu að deiliskipulagi á Gráhellu í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 27. september 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 26. maí til og með 23. júní 2006 með athugasemdafresti til og með 7. júlí 2006.

Deiliskipulag í landi Byggðarhorns, lóðir nr. 2, 5, 6, 7 og 8.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 11. október 2006 tillögu að deiliskipulagi lóðanna nr. 2, 5, 6, 7 og 8 í landi Byggðarhorns í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 13. júní 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 17. júlí til og með 14. ágúst 2006 með athugasemdafresti til og með 28. ágúst 2006.

Uppdrættir og greinargerðir vegna tillagnanna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsáætlanirnar öðlast þegar gildi.

Selfossi, 30. nóvember 2006.

Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.

B-deild – Útgáfud.: 7. desember 2006